

Frumdrög að afstöðumynd – mars 2002

Sýnd eru frumdrög að afstöðumynd fyrir núverandi lóð álversins og fyrirhugaða stækkun hennar. Á afstöðumyndinni koma fram núverandi hugmyndir ISAL um nýtingu lóðarinnar og tengsl hennar við nánasta umhverfi.

Gert er ráð fyrir nýrri aðalaðkomu að álverinu í Straumsvík að austanverðu. Aðkoman verður frá mislægum gatnamótum, sem fyrirhuguð eru á Reykjanesbraut. Aðkoma þessi tengist fyrirhugaðri nýbyggingu fyrir aðalskrifstofur ISAL austan við núverandi svæði álversins. Byggingin yrði nýtt kennileyti fyrir álverið. Í tengslum við nýbygginguna yrði einnig nýtt hlið, sem yrði aðalaðkoma inn á afgirt svæði álversins, og einnig ný starfsmanna- og gestabílastæði. Áfram er gert ráð fyrir núverandi hliði inn á svæðið að vestanverðu.

Lagt er til að gerð verði ný safngata / tengibraut sunnan við ný fyrirhuguð lóðamörk álversins til suðurs. Gatan yrði bein tenging við Straumsvíkurhöfn frá fyrirhuguðum mislægum gatnamótum, auk þess sem hún myndi þjóna mögulegu athafnasvæði, sem lægi að Reykjanesbraut. Önnur aðkoma að álverinu og höfninni yrði einnig frá fyrirhugaðri tengibraut frá Kapelluhrauni að vestanverðu undir Reykjanesbraut.

Núverandi lóð álversins er um 38.6 ha. Gert er ráð fyrir að lóðin stækki um 54 ha. (41.2 + 9.8 + 3). Heildarlóðarstærð álversins yrði þá alls um 92.6 ha.


Fyrirhuguð stækkun álversins er að meginhluta til sunnan við núverandi legu Reykjanesbrautar. Þar er gert ráð fyrir nýjum kerskálum með tilheyrandi þjónustubyggingum. Gert er ráð fyrir að núverandi spennistöð á austurhluta svæðisins verði stækkuð og að við hana tengist núverandi háspennulína og ný háspennulína, sem liggur eftir sama línustæði að álverinu og núverandi lína.

Í framhaldi af núverandi höfn og gasgeymslusvæði er gert ráð fyrir nýrri landfyllingu og flæðigryfjum, sem notaðar yrðu fram til ársins 2025. Miðað er við að jaðar fyllingarinnar að sjó verði mótaður með stórgrýti. Á fyllingunni er gert ráð fyrir nýrri aðkomu að Straumsvíkurhöfn úr austri frá nýju aðalhliði, sem yrði í tengslum við fyrirhugaða nýbyggingu fyrir aðalskrifstofur.

Megingatnakerfi innan núverandi lóðar álversins yrði að mestu leyti eins og það er í dag. Gert er ráð fyrir nýrri götu frá nýju hliði og nýjum aðalskrifstofum. Gatan tengist við núverandi gatnakerfi svæðisins og við núverandi legu Reykjanesbrautar, sem yrði meginumferðargata innan svæðisins í framtíðinni. Einnig er gert ráð fyrir þjónustuvegi sunnan við fyrirhugaða stækkun álversins. Unnið hefur verið að landmótun og fegrun umhverfis á milli núverandi kerskála og Reykjanesbrautar. Miðað er við að umhverfismótun þessari verði fram haldið báðu megin götunnar.



Lagt er til að umhverfi í nágrenni við kapellu heilagrar Barböru verði mótað og fegrað. Gerð verði sérstök aksturs- og gönguleið að kapellunni, sem opin yrði fyrir almenning utan við afgirt svæði álversins. Þar mætti gera lítið kynningar- og móttökuhús fyrir kynningu á starfsemi álversins, fyrir upplýsingar um kapellu heilagrar Barböru og jarðfræði- og dýralíf svæðisins. Í byggingunni gæti einnig verið snyrtiaðstaða og önnur þjónusta. Aðkoma að kapellunni tengist einnig möguleikum á útivist fyrir almenning og starfsfólk álversins, en svæðið við Straum og Þorbjarnarstaði er skemmtilegt til útivistar.



ALCAN ALISLANDI - MARS 2002
FRUMDRÖG - AFSTÖÐUMYND

